

Breytingartillögur

við till. til þál. um þjóðaratkvæðagreiðslu um aðlögunar- og viðræðuferli Íslands og Evrópusambandsins.

Frá Vigdísí Hauksdóttur.

1. Í stað orðanna „dómsmála- og mannréttindaráðherra“ í 1. másl. tillögugreinarinnar komi: innanríkisráðherra.
2. 2. másl. tillögugreinarinnar orðist svo: Þjóðaratkvæðagreiðslan fari fram eigi síðar en 1. desember 2011.
3. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Í samræmi við 1. mgr. 3. gr. laga nr. 91/2010, um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslna, verði lögð fyrir landskjörstjórn til umsagnar eftirfarandi spurning sem leggja skal fyrir kjósendur í þjóðaratkvæðagreiðslunni: „Á að halda áfram aðlögunar- og viðræðuferli Íslands og Evrópusambandsins?“